

og segir í úrskurði stjórnarráðsins, að koma reglu á kosningu skólanefndar samtímis bæjarstjórnarkosningunni.

Samkvæmt því sem nú hefir verið sagt, ber að taka kröfu hinna stefndu til greina og vísa máli þessu frá dómi, og með því að eigi þykir næg ástæða til að breyta málskostnaðarákvæði aukaréttardómsins ber þannig að staðfesta hann.

Málskostnað fyrir yfirdómi þykja áfrýjendur eiga að greiða hinum stefndu, einn fyrir alla og allir fyrir einn, og ákveðst hann 40 kr.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á að vera óraskaður. Áfrýjendurnir, Þorvaldur Jónsson, Ólafur Davíðsson, Finnur Thordarson og Guðmundur Jónsson greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn bæjarstjórn og skólanefnd Ísafjarðarkaupstaðar í málskostnað fyrir yfirdómi 40 kr., er lúkist áður liðnar séu 8 vikur frá löglegri birtingu dóms þessa, að viðlagðri laga-aðför.

Mánudaginn 26. marz 1917.

Nr. 20/1917.

Valdsstjórnin  
gegn

Halldóri Stefánssyni.

## D ó m u r :

Með dómi lögregluréttar Ísafjarðarkaupstaðar, uppkveðum 15. nóv. f. á., var kærði Halldór Stefáns-son héraðslæknir í Flateyrarhéraði dæmdur fyrir brot á lögum nr. 44, 30. júlí 1909 samkvæmt 7. og 17. gr. sömu laga til að greiða 200 kr. sekt í lands-sjóð, svo og allan málskostnað. Svo var og áfengi það með láti, er tekið var af kærða 5. ágúst f. á., dæmt eign landssjóðs. Dómi þessum hefir verið skotið til yfirdómsins af hálfu valdsstjórnarinnar, og sjálfur hefir kærði óskað þess, að málinu yrði áfrýjað.

Hinn 4. ágúst f. á. kom kærði til Ísafjarðar og dvaldist þar til 7. s. m. Daginn 4. ágúst milli kl. 4 og 6 fékk kærði 5 flöskur af sherry í lyfjabúðinni og sótti hann þær sjálfur. Eftir klukkan 8 að kvöldi sama dags fékk kærði enn 8 flöskur af sherry, og sótti þá annar maður vinið fyrir hann. Næsta dag, 5. ágúst, fékk kærði 7 flöskur af konjakki í lyfjabúð-inni, og sótti hann fyrst tvær þeirra sjálfur, en hin- ar 5, 2 fyrst og síðan 3 flöskur, virðist hann hafa látið sækja fyrir sig. Loks fékk kærði 6. ágúst 10 flöskur af konjakki úr lyfjabúðinni, 5 fyrst og síðan aðrar 5, og virðist hann og hafa látið sækja þessar 10 flöskur fyrir sig. Sumt af þessu áfengi var látið út eftir lyfseðli frá kærða og sumt eftir boðsendingu frá honum eða munnlegri beiðni hans. Samkvæmt þessu hefir kærði fengið dagana 4.—6. ágúst f. á. úr lyfjabúðinni á Ísafirði 13 flöskur af sherry með  $\frac{3}{4}$  litra hverja og 17 literflöskur af konjakki, eða alls 30 flöskur með  $26\frac{3}{4}$  litra samtals.

Þá daga, sem kærði dvaldist á Ísafirði í þessari

ferð sinni, lét hann ennfremur af hendi lyfseðla um áfengi til 6 manna og alls 8 flöskur, alt konjakk að undantekinni 1 sherry flösku. Kveðst kærði hafa látið þessa seðla af hendi í því skyni að áfengið yrði notað sem læknislyf. Með því að þetta getur verið rétt og eigi er framkomið það í málinu er nægilega hnekki því, enda þetta atriði eigi gjörr rannsakað, þá verður kærði eigi látinn sæta ábyrgð fyrir það.

Hinn 5. ágúst f. á. hitti lögregluþjónn kærða á götu á Ísafirði og var kærði þá mjög drukkin. Sá þá lögregluþjónninn flösku upp úr vasa kærða og tók flöskuna. Var konjakk í flöskunni, og hafði kærði drukkið nokkuð úr henni. Var þetta ein af þeim flöskum, sem áður getur. Lögregluþjónninn ætlaði að fá kærða flöskuna aftur, en þá féll hún úr höndum kærða niður á götuna og fór þá eitthvað niður af því, sem á henni var. Tók lögregluþjónninn þá flöskuna og afhenti lögreglustjóra hana. Auk þess sem nú var sagt, er það sannað í málinu, að kærði hefir verið mjög ölvaður þá daga, sem hann dvaldist á Ísafirði, enda vakað sumar næturnar eða mikinn hluta þeirra við drykku, ásamt einum manni, er þar var þá staddur, og að nokkru leyti öðrum.

Kærði kveðst hafa tekið allar hinar áður nefndu 30 vínflöskur handa sjálfum sér. Segist hann hafa drukkið þær sjálfur allar, eða því sem næst, sem »lyf« dagana, sem hann var á Ísafirði, frá 4.—7. ágúst, því að hann hafi verið hálf lasinn, nema konjakkflösku þá, sem af honum var tekin 5. ágúst, og það sem hann fór með heim til sín til Flateyrar, er hann fór af Ísafirði 7. ágúst. Ekki hefir fengist full-

greinileg skýrsla um það, hversu mikið þetta síðast-talda áfengi hafi verið. Kærði hélt því í fyrstu fram við rannsókn málsins, að mest af víni því, sem hann fékk dagana 4--6. ágúst, hafi hann flutt með sér heim til sín þann 7. ágúst. En það er hins vegar framkomið í málinu, að áfengi það, er hann gat hafa haft með sér þá, getur ekki hafa verið nema litill hluti, af öllu því áfengi, sem hann hafði fengið á Ísafirði. Þegar kærði fór frá Ísafirði hafði hann hnakk-tösku og pappakassa meðferðis. Reiddi hann tösku-na fyrir aftan sig, en annar maður, sem fylgdi hon-um, pappakassann, og var í ílátum þessum auk áfeng-isins, nokkuð af meðölum, sem kærði hafði einnig fengið í lyfjabúðinni á Ísafirði. Hefir og fylgdar-maður kærða borið og eiðfest fyrir dómi, að í hnakk-töskunni hafi verið 3-4 flöskur og í pappakassanum 2 flöskur. Og hefir kærði ekki véfengt þessa skýrslu. Má því gera ráð fyrir því, að kærði hafi ekki haft með sér nema 5-6 flöskur af Ísafirði 7. ágúst, og ætti hann þá að hafa eytt 23-24 flöskum af kon-jakki og sherry nefnda 3 daga, sem hann dvaldist á Ísafirði. Það er eigi sérstaklega rannsakað, að hve miklu leyti kærði hefir veitt öðrum þessi vínföng, enda virðist það litlu máli skifta, þar sem áfengið tvímælalaust hefir verið notað öðruvísi en sem lækn-islyf.

Samkvæmt framansögðu verður að telja það full-sannað, að kærði hafi tekið áfengi það, er hann fékk í lyfjabúðinni á Ísafirði dagana 4.-6. ágúst f. á., að miklu leyti sér eða öðrum til nautnar, en eigi í því skyni að nota það sem læknislyf, nema þá ef til vill

að litlu leyti, að hann hafi sumpart einn og sumpart með öðrum neytt þess sem nautnarmedals, og að hann hafi flutt það sjálfur og látið aðra flytja það til þess að það yrði notað á nefndan hátt.

Þar sem nú kærði hefir tekið út og látið taka út áfengi í lyfjabúð til þess að nota það í öðru skyni en sem læknislyf, getur hann eigi komist hjá því að sæta ábyrgð eftir 17. gr. laga nr. 44, 30. júlí 1909. Og þar sem kærði hefir ennfremur flutt og látið flytja áfengi um Ísafjarðarkaupstað án þess tilætlunin væri að nota það sem læknislyf og án þess flutningurinn væri löghéimill af öðrum ástæðum, þá hefir hann einnig gerst sekur við ákvæði 7. gr. laga nr. 44, 30. júlí 1909. Kærði á því að sæta refsingu fyrir brot á 7. og 17. gr. nefndra laga og þykir refsingin hæfilega ákveðin 200 króna sekt, er renni í landssjóð, eins og ákveðið er í lögregluréttardóminum. Ákvæði dóms þessa um að áfengi það með iláti, er tekið var af kærða 5. ágúst f. á., verði eign landsjóðs verður og að staðfesta, samkvæmt 16. gr. laga nr. 44, 30. júlí 1909.

Samkvæmt þessum málsúrslitum verður að dæma kærða til að greiða allan málskostnað bæði fyrir undirrétti og yfirdómi, þar með talin málflytningu- laun til sækjanda og verjanda málsins fyrir yfirdómi 15 krónur til hvors þeirra.

Það athugast um meðferð málsins í héraði, að dómarrinn hefir ekki látið í dóminn vottorð um lög- mæti málsmeðferðarinnar samkv. tilsk. 3. júní 1796, 35. gr. og að aðfararfræstur er settur í niðurlagi hins áfrýjaða dóms 14 dagar, en sá fræstur er eigi lögum.

samkvæmur. Að öðru leyti hefir meðferð málsins í héraði verið vítalaus og fyrir yfirdómi hefir málsfærslan verið lögmat.

Því dæmist rétt vera:

Kærði Halldór héraðslæknir Stefánsson greiði 200 króna sekt til landssjóðs. Áfengi það með iláti, er tekið var af kærða 5. ágúst f. á., skal verða eign landssjóðs.

Kærði greiði allan kostnað af málinu bæði fyrir undirrétti og yfirdómi, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda málsins fyrir yfirdómi, yfirréttarmálaflutningsmannanna Eggerts Claessen og Odds Gíslasonar, 15 krónur til hvors.

Ídæmda sekt ber að greiða innan 8 vikna frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri laga-aðför, og dóminum að öðru leyti að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 16. apríl 1917.

1/1917.

Guðmundur Sigurðsson  
gegn  
E. Morthens, Þórarni  
Egilson o. fl.